

## Dalagisting ehf. Aðalfundur 2020.

---

Fimmtudaginn 18. júní 2019 var haldinn stjórnarfundur í stjórnarsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 10.25.

Á fundinn eru boðaðir fulltrúar hluthafa. Hluthafar eru Dalabyggð (72,7%), Búnaðarfélag Hvammsfjarðar (7,73%), Flugleiðahótel ehf. (7,6%), Búnaðarfélag Miðdala (6,63%) Búnaðarfélag Laxárdals (3,31%) og Búnaðarfélag Hörðudals (2,03%).

Mætt voru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason (fulltrúi Dalabyggðar) Guðmundur Gunnarsson (fulltrúi Búnaðarfélaganna), Tryggvi Guðmundsson (fulltrúi Flugleiðahótela), Pálmi Jóhannsson, Anna Berglind Halldórsdóttir og Kristján Sturluson.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason formaður stjórnar stýrði fundi.

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum félagsins (14. gr.):

**1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.**

Haldnir voru 10 stjórnarfundir. Söluferli skýrir fjölda funda á árinu. Leigutekjur voru betri á árinu en mörg undanfarin ár. Ekki er gert ráð fyrir neinni starfsemi í fasteignum félagsins á árinu 2020.

**2. Efnahags- og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram.**

Tekjur á árinu 2019 voru kr. 11.058.442, rekstrargjöld kr. 9.408.930. Rekstrarhagnaður var kr. 1.649.512 og hagnaður kr. 608.504. Skuldir og eigið fé var samtals kr. 79.276.935. Handbært fé nam kr. 18.795.923 og hækkaði það verulega. Sú hækkan skýrist hins vegar af ofgreiddri leigu kr. 7.363.442 sem greidd var til baka í byrjun árs 2020.

**3. Kjör stjórnar og endurskoðenda.**

a) Í stjórn voru kjörin:

Eyjólfur Ingvi Bjarnason  
Anna Berglind Halldórsdóttir  
Guðmundur Gunnarsson  
Pálmi Jóhannsson  
Tryggvi Guðmundsson

b) Í varastjórn voru kjörin:

Fyrsti varamaður Þuríður Jóney Sigurðardóttir og annar varamaður Sigursteinn Hjartarson.

c) Endurskoðendur.

Samþykkt að fela KPMG endurskoðun fyrir félagið svo sem verið hefur.

**4. Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.**

Fráfarandi stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður.  
Tillaga stjórnar samþykkt.

**5. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.**

Fráfarandi stjórn leggur til að þóknun stjórnarmanna verði kr. 5.000 fyrir hvern setinn fund í fjarfundi og kr. 15.000 fyrir staðfundi, auk þess fái formaður 50% að auki. Framkvæmdastjóri fái sömu þóknun og stjórnarmenn. Tillaga stjórnar samþykkt.

**6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.**  
Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:36.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Fundargerð staðfest í tölvupósti.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, 18.06.2020, 22:55

Anna Berglind Halldórsdóttir, 21.06.2020, 18:26

Guðmundur Gunnarsson, 22.06.2020, 18:30

Pálmi Jóhannsson, 20.06.2020, 00:38

Tryggvi Guðmundsson, 22.06.2020, 08:31